

Skýrsla fagráðs fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd, starfsárið 2024-2025

Fagráðið fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd skipa Berglind Ósk B. Filippíudóttir barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar, Magnea Guðrún Guðmundardóttir barnavernd Reykjavíkur, Selma Björk Hauksdóttir Háskóla Íslands, Sólveig Sigurðardóttir barnaverndarþjónustu Akraness og, Thelma Björk Guðbjörnsdóttir barnaverndarþjónustu Grindavíkur. Berglind Ósk talskona ráðsins.

Á starfsárinu 2024-2025 stendur hæst starfsdagur barnaverndarstarfsfólks en dagurinn var skipulagður með starfsfólki Barna-og fjölskyldustofu og formanni Félagsráðgjafafélags Íslands. Starfsdagurinn var haldinn á Nauthóli 11. október 2024 með yfirskriftinni *Vinnulag í barnavernd-ný tækifæri*. Starfsdagurinn heppnaðist einstaklega vel og almenn ánægja með daginn.

Vegna lokunar á Lækjarbakka og langrar biðar eftir langtímameðferðarúrræði fyrir drengi Íslandi fundaði talskona fagráðs og formaður Félagsráðgjafafélags Íslands með fulltrúum Barna-og fjölskyldustofu í ágúst 2024.

Fulltrúar fagráðs funduðu einnig með fulltrúum Barna-og fjölskyldustofu í lok janúar 2025. Á fundinum var farið yfir ýmis málefni sem tengjast barnavernd og var fundurinn mjög góður.

Reykjavík, 26. apríl 2025

f.h. fagráðs fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd,

Berglind Ósk B. Filippíudóttir
félagsráðgjafi, MA